

## 17. fundur skólanefndar MK

<b>Mættir:</b>	Flosi Eiríksson, Arnþór Sigurðsson, Halldóra Guðmundsdóttir, Margrét Friðriksdóttir skólameistari, Þóra Elfa Björnsson, Hilma Sól Friðriksdóttir fulltrúi nemenda og Andrés Pétursson.
<b>Forfallaðir:</b>	Kolbeinn Óttarsson Proppé og Finnur Beck boðuðu forföll. Arnþór og Halldóra mættu í þeirra stað. Jóhann Ísak Pétursson fulltrúi kennara var veikur. Fulltrúi foreldra mætti ekki.
<b>Staður:</b>	Skrifstofa MK
<b>Tími:</b>	Kl. 12:00-13:00
<b>Dags.:</b>	24. febrúar 2016

Nr.	Atriði	Ábyrgð	Tími
	Flosi Eiríksson formaður setti fundinn.	FE	
1.	<b>Ársskýrsla MK</b>	MF	30 mín
	Skólameistari lagði fram Ársskýrslu MK. Fór í gegnum helstu liði skýrslunnar. Umræða. Stjórnarmenn hrósuðu forsvarsmönnum skólans fyrir vandaða ársskýrslu.		
2.	<b>Rekstrarreikningur 2015</b>	MF	

	<p>Óendurskoðaður rekstrarreikningur MK fyrir árið 2015 er birtur í Ársskýrslunni. Þar kemur fram að halli ársins er rúmar 48 milljónir en heildarrekstrarkostnaður skólans er 1,2 milljarður. Þrátt fyrir að hallinn sé innan 4% viðmiða fjármálaráðuneytis þá segir skólameistari þetta vera óásættanlega niðurstöðu. Skólinn hefur þegar gripið til ýmissa ráðstafana til að rétta reksturinn við eins og kom fram í síðustu fundargerð. Það tekur hins vegar tíma að snúa rekstrinum við og má því búast við að það taki a.m.k. eitt ár að koma skólanum réttu megin við núllið.</p>		
<b>3.</b>	<b>Food and Fund 2. mars</b>	<b>MF</b>	
	<p>Skólameistari sagði frá opnun Food and Fun hátíðarinnar sem verður í MK miðvikudaginn 2. mars kl.16.00-18.00. Skólaneftnd MK sérstaklega boðin velkomin.</p>		
<b>4.</b>	<b>Önnur mál</b>	<b>MF</b>	
a.	<p>Opið hús verður í MK fimmtudaginn 10. mars kl.16.30-18.30. Allir velkomnir</p>	<b>MF</b>	
b.	<p>Hilma Sól sagði frá félagslífi nemenda. Mikið um að vera. Söngvakeppni MK nýlokið og verður Hlöðver Smári Oddsson fulltrúi skólans í Söngkeppni framhaldsskólanna. Leikritið „Dýrin í Hálsaskógi-fullorðinsútgáfa“ verður frumsýnt 4. mars af Leikfélagi MK.</p>	<b>HSF</b>	
c.	<p>Arnpór Sigurðsson lagði fram eftirfarandi bókun; „Það er áhyggjuefni að ekki verði kennd kjötið við skólann á árinu 2016. Veruleg þörf er á að endurskoða kjötiðnaðarnámið í heild sinni í ljósi þessara aðstæðna“</p>	<b>AS</b>	

Andrés Pétursson ritaði fundargerð

*Uppfært miðvikudagur, 19 október 2016 14:24*